

Sp.

314. Fyrirspurnir.

[149. mál]

I. Til fjármálaráðherra um áfengis kaup ráðuneyta í Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins s.l. 10 ár.

Frá Árna Gunnarssyni.

1. Hve mikið magn áfengis hafa einstök ráðuneyti keypt hjá ÁTVR s.l. tíu ár, sundurliðað eftir árum og ráðuneytum? Spurt er um allar tegundir áfengis.
2. Hvaða verð greiða ráðuneytin fyrir einstakar áfengistegundir, miðað við 1. janúar 1980?
3. Eru aðgreind kaup ráðherra og ráðuneyta á áfengi?

II. Til forsætisráðherra um störf millipinganevndar í byggðamálum.

Frá Halldóri Blöndal.

1. Hvað líður störfum millipinganevndar, sem kosin var af Sp. til að gera tillögur um markmið, leiðir og mörkun almennrar stefnu í byggðamálum samkv. þingsályktun um millipinganevnd í byggðamálum frá 13. apríl 1973, og hvenær er þess að vænta að nefndin skili álit?
2. Hver er orðinn kostnaður við störf nefndarinnar?

III. Til menntamálaráðherra um listskreytingar í skólum.

Frá Birgi Ísl. Gunnarssyni.

Í lögum um skólakostnað er ákvæði þess efnis, að menntamálaráðuneytið geti varið allt að 2% af áætluðum stofnkostnaði skólamannvirkis til listskreytinga. Spurt er: Hvernig hefur ákvæði þetta verið framkvæmt s.l. 5 ár? Hvaða skólar hafa verið listskreyttir í samræmi við ofangreint ákvæði? Hvaða skólar hafa ekki notið slíks og þá af hvaða ástæðum?